

## Fundargerð 167. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 6. janúar 2016  
**Fundartími:** 17:00 – 18:40  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

### ***Dagskrá:***

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

- 1. Aðalskipulag Flóahrepps 2015 – 2028 – lýsing aðalskipulagsgerðar**  
Lögð fram til staðfestingar lýsing aðalskipulagsgerðar 2015 – 2028 fyrir Flóahrepp. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 1. mgr 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 2. Samkomulag um rekstur upplýsingamiðstöðvar**  
Lögð fram drög að samstarfssamningi um rekstur upplýsingamiðstöðvar og ákveðinna verkefna tengdra ferðaþjónustu, milli sveitarfélagsins Árborgar kt: 650598-2029 og Flóahrepps kt. 600606-1310  
Bent er á að lagfæra þarf tölusetningar á greinum samningsins þannig að grein nr. 8 verði grein 5 o.s.frv. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og undirrita samstarfssamning á grunvelli fyrirbyggjandi gagna.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 3. Erindi frá Smára P. Aðalsteinssyni varðandi Merkurlaut 14**  
Lagt fram erindi frá Smára P. Aðalsteinssyni þar sem óskað er eftir lögheimilisflutningi að Merkurlaut 14 í Flóahrepp. Í núgildandi skipulagi er Merkurlaut 14 skráð frístundahús þannig að ekki er hægt að verða við beiðninni. Bent er á að óskir um breytingar á aðalskipulagi þarfnast umfjöllunar Skipulagsnefndar Uppsveita áður en þær koma til afgreiðslu hjá sveitarstjórn.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 4. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2016 – 2030**  
Kynning verkefnislýsingar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga – til umsagnar.  
Lögð fram til kynningar lýsing aðalskipulagsgerðar fyrir Grímsnes- og Grafningshrepps 2016 – 2030.  
Engar athugasemdir eru gerðar við lýsinguna eins og hún liggur fyrir.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 5. Umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Þjórsárver – umsögn Flóahrepps**  
Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu erindisins og Margrét Jónsdóttir varaoddviti tók við fundarstjórn.  
Lögð fram umsókn um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir Félagsheimilið Þjórsárver. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir engar athugasemdir við umsóknina.  
Samþykkt með 4 atkvæðum.
- 6. Umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Þingborg – umsögn Flóahrepps**

Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu erindisins og Margrét Jónsdóttir varaoddviti tók við fundarstjórn.

Lögð fram umsókn um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir Félagsheimilið Þingborg.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir engar athugasemdir við umsóknina.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

**7. Umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Félagslund – umsögn Flóahrepps**

Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu erindisins og Margrét Jónsdóttir varaoddviti tók við fundarstjórn.

Lögð fram umsókn um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir Félagsheimilið Félagslund.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir engar athugasemdir við umsóknina.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

**8. Gjaldskrá félagsheimilanna í Flóahreppi**

Frestað á 165. fundi 2. desember.

Sveitarstjórn leggur til að gjaldskrá ársins 2015 gildi óbreytt fyrir árið 2016. Einnig er

ákveðið að félagsheimilin verði ekki leigð út eftirtalda daga; jóladag, nýársdag,

föstudaginn langa og páskadag. Ekki er gert ráð fyrir að krafist verði

staðfestingagjalds eins og var í eldri gjaldskrá

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**9. Frumvarp til laga um almennar íbúðir ( heildarlög) 435. mál**

Óskað umsagnar sveitarstjórnar. Engar athugasemdir gerðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Frumvarp til laga um húsaleigulög (réttarstaða leigjenda og leigusala), 399. mál.**

Óskað umsagnar sveitarstjórnar. Engar athugasemdir gerðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**11. Frumvarp til laga um húsaleigubætur ( heildarlög), 407. mál**

Óskað umsagnar sveitarstjórnar. Engar athugasemdir gerðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**12. Almannaþing sveitarfélaga – gerð leiðbeininga um störf almannaþingarnefnda**

Óskað umsagnar sveitarstjórnar. Engar athugasemdir gerðar við leiðbeiningarnar.

Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með lögreglustjóra og fulltrúa frá

Almannaþingarnefnd. Einnig er brýnt að fá staðfestingu Almannaþingarnefndar

Árnessýslu á staðsetningu fjöldahjálparstöðvar fyrir Flóahrepp vegna hugsanlegra

náttúruhamfara.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Fundargerðir:**

**a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 165, dags. 02.12.2015**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**b) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 166, dags. 17.12.2015**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**c) Stjórnar byggðasamlags Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita b.s. nr. 31 haldinn 28.12.2015**

Eftirfarandi bókun í fundargerðinni þarfnast umfjöllunar sveitarstjórnar:

“Stjórn byggðarsamlagsins samþykkir að beina því til aðildarsveitarstjórna að samþykkja að fella starfsemi Tæknisviðsins undir Skipulags og byggingarfulltrúa Uppsveita b.s. frá og með 1. janúar 2016”.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir bókunina og að starfsemi Tæknisviðs verði felld undir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita frá og með 1. janúar 2016.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að eftir sameininguna muni fjöldi stöðugilda verða 9

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Aðalfundar Bergrisans dags. 30.10.2015**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Skólapjónustu-og velferðarnefndar Árneshöfna nr. 13, dags. 15.12.2015**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Héraðsnefndar Árneshöfna nr. 7, dags. 15. – 16.10.2015**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 168, dags. 27.10.2015**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 833, dags. 30.11.2015**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 834, dags. 11.12.2015**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**14. Efni til kynningar:**

- a) Frá Minjaverði Suðurlands – Katrínarlind í Flóa**  
Vísad til umsjónarmanns fasteigna
- b) Samruni Tölvumiðlunar og Advania – tilkynning**
- c) Frá Umhverfisstofnun – Endurgreiðslur vegna minkaveiða**
- d) ART verkefnið – Áfangaskýrsla fyrir starfsárið 2015**

Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir